

Fundur í skólaráði Grunnskóla Grindavíkur haldinn 23. apríl kl. 16:30.

Mættir Valdís Leifsdóttir fulltrúi kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Kolbrún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Þórunn Alda Gylfadóttir og Einar Sveinn Jónsson fulltrúar foreldra, Margrét Rut Reynisdóttir fulltrúi nemenda og Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

1. Halldóra lagði fram tillögu að skóladagatali, kynnti uppbyggingu dagatalsins. Umræða um samskiptadaga og fjölda þeirra, foreldrafulltrúar sem tjáðu sig leist vel á hugmyndir um fjölgun samskiptadaga. Fulltrúar í skólaráði gera ekki athugasemdir við skóladagatalið eins og það er lagt fram.
2. Þórunn Alda leitar eftir því hvort hægt er að breyta skóladagatali þessa árs og færa Vorhátíð á síðasta föstudag í maí. Allir fundarmenn tóku jákvætt í þá hugmynd.

Fundi slitið kl. 17:16.